

**Nd.**

**521. Frumvarp til laga**

[191. mál]

um breyting á lögum nr. 6 17. febr. 1959, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flm.: Sigfús J. Johnsen.

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 3 11. marz 1961, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Heimilt er ráðherra að veita íslenskum vélbátum allt að 120 rúmllestum að stærð undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar, leturhumarveiðar og fiskveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu, leturhumarvörpu og fiskivörpu, þó án „bobbinga“, með möskvastærð, er ekki sé undir 130 mm, og með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem nauðsynlegar kunna að þykja. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Önnur meginástæðan til útfærslu fiskveiðitakmarkanna er að sjálfsögðu sú, að Íslendingum einum sé sköpuð aðstaða til að nýta þau fiskimið, sem við strendur landsins eru, á þann hátt og með þeim veiðarfærum, sem hagkvæmast þykir á

hverjum tíma og hverju veiðisvæði, enda verði þess að sjálfsögðu ávallt gætt, að ekki sé um ofveiði eða rányrkju að ræða.

Fiskveiðar og vinnsla sjávarafurða er, eins og kunnugt er, aðalatvinnugrein Íslendinga og aðalundirstaðan undir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, og ekki annað sjáanlegt en svo verði um langa framtíð. Það er því fyllilega tímabært og eðlilegt, að nýtingu veiðisvæðanna innan fiskveiðimarkanna sé komið í fastara form en verið hefur og þá ekki einskorðuð við ákveðin veiðarfæri, heldur séu veiðarnar stundaðar á hverjum tíma og hverjum stað með þeim veiðarfærum, er hagkvæmust geta talizt og arðvænlegust eru, án þess að um ofveiði eða rányrkju sé að ræða.

Svo hagar til á aðalveiðisvæðum vélbátaflotans að vetrinum til, að veiðar hafa nær eingöngu verið stundaðar með línu og netum og nú hin síðustu ár einnig með nót. Veiðar með handfærum eru ekki lengur nein uppistaða í fiskveiðum Íslendinga. Að sumrinu til og einnig á sumum veiðisvæðum að vetrinum, eins og t. d. á svæðinu frá Dyrhólaey og þar austur af, horfir þetta öðruvísi við. Á þessum tíma verða línu- og netaveiðar ekki stundaðar með neinum árangri, a. m. k. ekki á svæðinu frá Reykjanesi og austur með suðurströnd landsins. En á þessu svæði, t. d. í Vestmannaeyjum, Stokkseyri, Eyrarbakka og Þorlákshöfn, eru tugir báta, er skortir rekstrargrundvöll, eins og aðstæður eru nú. Er hér um að ræða báta af millistærð, sem of litlir eru til síldveiða, en of stórir til dragnótaveiða. Verður mjög að undirstrika í þessu sambandi, að einmitt þessi stærð báta er um land allt undirstaðan undir atvinnulífinu í þeim sjávarþorpum og verstöðvum, þar sem fiskiðjuver eru starfandi og vinnsla á sér stað.

Viða má skapa þessum bátum nokkuð öruggan rekstrargrundvöll með rýmkuð á ákvæðum um bann við botnvörpuveiði, þar sem það að álitu Fiskifélags Íslands og annarra sérfróðra aðila getur talizt áhættulaust og við eiga. En eins og lög um bann gegn botnvörpuveiði eru nú, getur sá ráðherra, sem með þessi mál fer, hvergi veitt undanþágu til slíkra veiða innan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 frá 19. marz 1952, þ. e. 4 mílna markanna, nema um sé að ræða kampalampa- og leturhumarveiðar með þar til gerðum vörpum.

Ég tel fyllilega tímabært, að ákvæði þessi séu rýmkuð, þannig að ráðherra hafi einnig heimild til að veita vélbátum undanþágu til botnvörpuveiða með venjulegri fiskivörpu, einnig innan fjögurra mílna markanna, þar sem slíkt að álitu reyndra og sérfróðra aðila getur talizt áhættulaust og eðlilegt og þar með forðað stórfelldum samdrætti í atvinnulífinu.

Hið sérstæða ástand, er nú hefur skapazt vegna aflabrests á miðunum við suðurströnd landsins og þá alveg sérstaklega við Vestmannaeyjar, kallar á skjóta úrlausn þessa máls. Heildaraflí vertíðarbáta í Vestmannaeyjum var eftir fyrsta ársfjórðung þessa árs 10 711 lestir, en á sama tíma í fyrra 17 450 lestir, eða 40% minni nú en þá. Sá tími, sem þegar er liðinn af þessari vertíð, var sá tími, sem útgerðarmenn og sjómenn byggðu á að yrði uppistaðan í rekstrarafkomu bátanna á þessu ári. Þeir verða því að treysta á, að sumarvertíðin geti í einhverju bætt upp þann aflamissi, sem þegar er orðinn. En til þess að freista að bæta upp það tjón, er þegar er orðið, verður ekki af stærstum hluta þessara báta gripið til neinna annarra veiðarfæra, er vænta megi árangurs af, en botnvörpu. Bæði er það, að slík útgerð er mun kostnaðarminni og um leið hvergi nærri eins mannaflafrek. En ef slíkar veiðar á að stunda með einhverjum árangri, þá verða þær veiðar að fara fram á þeim svæðum, er lög nú banna. Löggjafinn getur því ekki horft lengur á það aðgerðalaust, að beinlínis séu útgerðarmenn og sjómenn knúðir til ólöglegra veiða, og þannig vísitandi horft upp á, að lögbrot séu framin sjávarútveginum og þjóðinni sjálfri til framdráttar.

Þá er þess að geta, að löggjafinn hefur með ákvæðum um bann við veiði smásíldar við suðurströndina gengið á hluta nokkurra þessara báta, sem standa óbættir eftir.

Mál þetta miðar beinlínis að því að forða stórfelldum samdrætti í öllu atvinnulífi Vestmanneyinga, og því er það hér flutt.